

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi, fristundabyggð í landi Minni-Mástungu.

Breytingin felur í sér að lóðir 1, 3 og 5 eru sameinaðar í eina lóð fyrir verslun og þjónustu, lóð 1-5 og afmörkun og stærð færð til samræmis við raunverulega stöðu. Heildarbyggingarmagn er 1.000 m². Lóð 2-4 er færð inn á skipulagssvæðið, lóð fyrir verslun og þjónustu með heildarbyggingarmagn 200 m². Lóðir 6 og 7 eru sameinaðar í eina íbúðarhúsalóð og er heildarbyggingarmagn 350 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 4. mars 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 29. maí 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 13. júní 2017